

Auglýsing um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu. undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 80.

Auglýsing um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands, undirskrifuð af utanríkisráðherra sama dag, nr. 81.

Auglýsing um aðild Íslands að alþjóðasamningi um höfundarétt, undirskrifuð af utanríkisráðherra 18. október 1956, nr. 82.

143

23/5 '55

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Búðahreppi, Fáskrúðsfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti í hreppsnefnd og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf, sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðilega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfaviðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl, og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefnd ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, er í 6. gr. getur, og greiðast þau úr sveitarsjóði.

6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og það annað, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni. Uppsagnarfræstur af hálfu hvors aðila skal vera sex mánuðir.

Samþykkt þessi um sveitarstjóra, sem hreppsnefnd Búðahrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með.

Félagsmálaráðuneytið, 23. maí 1955.

Steingrímur Steinþórsson.

Hallgrímur Dalberg.